

STARFSMANNASTEFNA AUSTURKÓRS

Markmið stefnunnar:

Að ramma inn þau gildi sem eru iðkuð í Austurkór

Að veita öryggi og stuðla að aukinni starfsánægju

Að móta sameiginlega skilning á starfsaðferðum og sýn á skólastarfið

Að Austurkór sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð og starfsþróun

Starfsandi

Í Austurkór leggjum áherslu á góðan og uppbyggilegan starfsanda. Við viljum að virðing, heiðarleiki og umburðarlyndi ríki í samskiptum starfsfólks. Við viljum skapa það starfsumhverfi að hver og einn geti nýtt hæfni sína og vaxið í starfi. Við leiðbeinum hvert öðru af umhyggju og styðjum í starfi. Því okkar leiðarljós er samvinna.

Móttaka nýrra starfsmanna

Ferlið sem við notum í móttöku nýrra starfsmanna stuðlar að því að þeir verði sem fyrst virkir liðsmenn í Austurkórslíðinu. Áhersla er lögð á að byggja upp góða þekkingu á innviðum leikskólastarfsins og þeim verkefnum sem tilheyra viðkomandi starfi. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir því að fylgja fyrirliggjandi ferli um móttöku nýrra starfsmanna.

Starfsþróun

Í Austurkór viljum við að allir nái árangri í starfi og nýtum okkur því ýmsar aðferðir við fræðslu og endurmenntun. Þar má meðal annars nefna: beina fræðslu í formi fyrirlestra og námskeiða /innan & utan skóla, jafningjafræðslu og sjálfsnám.

Á hverju starfsári er unnin símenntunaráætlun fyrir starfsfólkið í tengslum við starfsáætlun.

Upplýsingamiðlun og boðleiðir

Góð upplýsingamiðlun er grundvöllur góðrar samvinnu og því mikilvægt að allir taki þátt í að miðla upplýsingum, leiðbeina hver öðrum og nota þær boðleiðir sem árangursríkastar eru. „Að segja það sem maður meinar – og meina það sem maður segir“ virkar best og það ætlum við að iðka í Austurkór.

Einelti og kynferðisleg áreitni

Einelti eða kynferðisleg áreitni líðst ekki í Austurkór. Telji starfsmaður sig verða fyrir slíku skal hann snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið. Ef næsti yfirmaður er gerandi máls eða sinnir því ekki getur viðkomandi snúið sér til yfirmanns hans og/eða trúnaðarmanna stéttarfélags á vinnustaðnum. Það er á ábyrgð þess, sem tekur við tilkynningu um slík atvik, að beina málinu í réttan farveg innan skólans samkvæmt fyrirbyggjandi ferli.

Trúnaður og siðareglur

Starfsmenn Austurkórs eru bundnir trúnaði um allt það sem þeir komast að í sínu starfi starfa og skrifa undir þagnarheit þess efnis. Trúnaður þessi er óbreyttur eftir starfslok. Í Austurkór starfa allir eftir [siðareglum KÍ](#).

Endurskoðun starfsmannastefnu

Starfsmannastefna Austurkórs er endurskoðuð á þriggja ára fresti – næsta endurskoðun 2021. Starfsmannastefnan var unnin af starfsmannahópnum og samþykkt haust 2015. Endurskoðuð í júní 2018 án breytinga.